

Fundargerð

Árið 2024, föstudaginn 23. febrúar kl. 12:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í innviðaráðuneytinu að Sölvhólsgötu 7.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Friðjón Einarsson, Hrund Pétursdóttir (á Teams), Hörður Hilmarsson, og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni og Elmari Björnssyni.

Fundargerð rituðu Guðni Geir Einarsson og Árni Sverrir Hafsteinsson

Gestir fundarins undir 2. lið frá innviðaráðuneytinu; Hermann Sæmundsson ráðuneytisstjóri, Aðalsteinn Þorsteinsson skrifstofustjóri og Björn Ingi Óskarsson lögfræðingur (á Teams), báðir frá skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 18. janúar 2024

Lögð var fram til samþykktar fundargerð ráðgjafarnefndar frá 18. janúar 2024.

Fundargerð frá 18. janúar 2024 var samþykkt án athugasemda.

2. Málefni Grindavíkurbæjar

Drög að samkomulagi (83. gr. sveitarstjórnarlaga 138/2011)

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu drög að samkomulagi innviðaráðherra og Grindavíkurbæjar ásamt minnisblaðs starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dagsett 20. febrúar 2024. Jafnframt var lagt fram erindi bæjarstjóra Grindavíkurbæjar dagsett 22. febrúar 2024 og álit Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga vegna samkomulagsdraga innviðaráðherra og bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar.

Í erindi Grindavíkurbæjar kemur fram að umrætt samkomulag sé gert að frumkvæði sveitarfélagsins þar sem í kjölfar jarðhræringa í og við Grindavík hafi frá því í nóvember að stærstum hluta verið óheimilt að dvelja og starfa í sveitarfélaginu. Fjárhagsstaða sveitarfélagsins hafi vissulega verið mjög góð en að ljóst sé að forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélagsins vegna

ársins 2024 séu brostnar og mikil óvissa ríki um framhaldið. Mikil óvissa ríki jafnframt um ástand innviða sveitarfélagsins og að á næstu mánuðum muni reyna mjög á getu sveitarfélagsins til að sinna skyldum sínum á sviði stjórnsýslu, fjármála og lögbundinna verkefna þess. Rekstrarhæfi sveitarfélagsins sé ógnað og í því ljósi sé bæjarstjórn skylt að upplýsa ráðuneyti sveitarstjórnarmála um stöðuna á grundvelli 2. mgr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga. Ekki sé um að ræða vanrækslu á fjármálum sveitarfélagsins og það sé sameiginlegur skilningur sveitarfélagsins og ráðuneytisins að ekki sé tilefni til að skipa fjárhaldsstjórn á grundvelli 86. gr. sveitarstjórnarlaga. Þess í stað er það sameiginlegur skilningur aðila að mikilvægt sé að ráðinn verði ráðgjafi sem vinni með bæjarstjórn og stjórnendum sveitarfélagsins að því að styðja við stjórnendur sveitarfélagsins í störfum þeirra, samskiptum við stjórnvöld og aðlögun rekstrar. Í erindinu kemur enn fremur fram að mikilvægt sé að skýrt verði hvernig sveitarfélögum verði bættur íþyngjandi kostnaður sem þau hafa orðið fyrir vegna jarðhræringanna á Reykjanesi. Forsendur til að standa straum að slíkum kostnaði séu vissulega breytilegar en finna verði á því sanngjarna lausn.

Í álitu Eftirlitsnefndarinnar kemur fram að nefndin hafi fjallað um erindi innviðaráðuneytisins er varðar drög að samkomulagi við Grindavíkurbæ á grundvelli 2. mgr. 83 gr. sveitarstjórnarlaga. Fram kemur í álitinu að nefndin gefi samkomulagsdrögumum jákvæða umsögn og styður nefndin ráðherra í þeirri fyrirætlan sem fram kemur í samkomulagsdrögumum að beita þeim lögbundnu úrræðum sem koma fram í 1. tl. 1. mgr. 84. gr. sveitarstjórnarlaga og getið er um í drögum.

Hermann Sæmundsson ráðuneytisstjóri í innviðaráðráðuneytinu fór með almennum hætti yfir áskoranir sveitarfélagsins og ríkissjóðs í kjölfar jarðhræringanna undanfarna mánuði. Ræddi hann um þær aðgerðir sem farið hafi verið í vegna stöðunnar. Skipaður hafi verið ráðgjafi til að aðstoða forráðamenn sveitarfélagsins vegna þeirrar stöðu sem upp er komin og að áhersla ráðgjafans verði meðal annars að aðstoða við að birta sviðsmyndir um fjárhagslega stöðu sveitarfélagsins. Þá komi fram í máli Hermanns að í samkomulagsdrögumum sé gert ráð fyrir fjárhagslegum stuðningi úr Jöfnunarsjóði á grundvelli 83. gr. sveitarstjórnarlaga.

Drög að samkomulagi innviðaráðherra og Grindavíkurbæjar voru tekin til umfjöllunar og afgreiðslu og fóru fram ítarlegar umræður einstaka þætti þess. Meðal annars var rætt um lögformleg atriði og túlkun 83. gr. sveitarstjórnarlaga en framlög á grundvelli draga að samkomulagi munu grundvallast á þeirri grein laganna. Fram kom hjá Birni Inga Óskarssyni lögfræðing ráðuneytisins að ákvæði 83. gr. laganna væri mjög opið og gæti nýst við fjárhagsörðugleika af hvers kyns ástæðum. Við umræðurnar var jafnframt farið yfir sviðsmyndir um fjárhags sveitarfélagsins.

Eins og að framan greinir voru umræður um samkomulagið ítarlegar af hálfu ráðgjafarnefndarinnar og ákvað nefndin að styðja markmið samkomulags ráðherra og sveitarfélagsins. Jafnframt lagði nefndin áherslu á að fjallað verði um einstakar ákvarðanir sem tengjast samkomulaginu síðar þegar tillögur að aðgerðum liggja fyrir. Áréttaði nefndin að mikilvægt sé að ákvarðanir séu teknar á grundvelli laga sem samkomulagið fjallar um.

Erindi frá Sveitarfélaginu Vogum (2. tölul. 8.gr. rgl. 351/2022)

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Sveitarfélaginu Vogum, dagsett 20. febrúar 2024. Fram kemur í erindinu að mikil fjölgun hafi verið í sveitarfélaginu sem hafi reynt talsvert á innviði sveitarfélagsins og jafnframt að sveitarfélagið glími við áskoranir er varðar veitingu nauðsynlegrar grunnþjónustu. Við bætist að frá áramótum hafi bæst við stór hópur nýrra íbúa sem eru með skráð lögheimili í Grindavíkurbæ en skrá aðsetur í Sveitarfélaginu Vogum. Þegar erindið var sent sjóðnum voru 112 einstaklingar úr Grindavík skráðir með aðsetur í sveitarfélaginu. Sé tekið mið af þeim fjölda barna sem óskað hefur eftir skólavist má ætla að mun fleiri Grindvíkingar hafi aðsetur í sveitarfélaginu. Fram kemur að nú þegar hafi 20 börn úr Grindavík hafið grunnskólanám í sveitarfélaginu eða sem nemur 11% af nemendafjölda við skólann. Sveitarfélaginu hefur reynst erfitt að taka við börnum í leikskóla en unnið er að því að bæta við kennslurými og fjölga stöðugildum svo unnt verði að annast börnin úr Grindavík.

Þá kemur fram í erindinu að fyrirsjáanlegt sé að íbúum úr Grindavík í sveitarfélaginu fjölgi mikið á næstu dögum og vikum og því megi eiga von á að íbúum með lögheimili í Grindavík en aðsetur í sveitarfélaginu fjölgi talsvert innan skamms tíma.

Sækir sveitarfélagið um framlag úr Jöfnunarsjóði á grundvelli 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. rgl. nr. 351/2022 en á grundvelli þess ákvæðis í reglugerðinni geta sveitarfélög sóttu um framlag úr sjóðinum á grundvelli ófyrirséðra tilvika í rekstri grunnskóla.

Ráðgjafarnefnd lagði til á fundinum að erindinu verði hafnað en í stað þess farið í heilstæða skoðun á þeim kostnaðarauka sem sveitarfélög hafa orðið fyrir af þessum sökum.

3. SAMEINING SVEITARFÉLAGA

Húnabyggð og Skagabyggð

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Húnabyggðar og Skagabyggðar, dagsett 13. febrúar 2024 og minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 21. febrúar 2024. Í erindi

sveitarfélaganna kemur fram að unnið sé að mögulegir sameiningu sveitarfélaganna og að stefnt sé að því að kjósa um sameiningu sveitarfélaganna vorið 2024. Sveitarfélögin hafa lagt á það áherslu að greina fjármál sveitarfélaganna beggja og fram kom að enn sé verið að vinna úr sameiningu Blönduóssbæjar og Húnavatnshrepps. Sameiningarferlið hafi reynt á sameinað sveitarfélaga og ljóst sé að fjárhagsstaða hins nýja sveitarfélags sé erfið. Húnabyggð sé skuldsett sveitarfélag og að veltufé frá rekstri dugi ekki til að standa straum að nýfjárfestingum í sveitarfélaginu. Þörf sé á að byggja nýjan leikskóla í sveitarfélaginu og stækka grunnskóla og er sótt um framlag úr Jöfnunarsjóð á grundvelli a-liðar 7. gr. reglugerðar nr. 1088/2018 sem kveður á um heimild til að stuðla að endurskipulagningu þjónustu og stjórnarsýslu í kjölfar sameiningar, þ.m.t. framlögum fyrir allt að 50% stofnkostnaðar grunnskólamannvirkja og leikskóla. Sótt er um fjárframlög úr sjóðnum að fjárhæð 450 m.kr.

Ráðgjafarnefnd lagði til að erindinu væri hafnað.

Skorradalshreppur og Borgarbyggð (a. liður 1. gr. reglna nr. 782/2020)

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Borgarbyggð og Skorradalshreppi, dags. 19. febrúar 2024 vegna vinnu undirbúnings- og sameiningarnefndar um mögulega sameiningu sveitarfélaganna. Óskað er eftir framlagi að fjárhæð 9,1 m.kr. sbr. kostnaðaráætlun sem lögð var fram á fundinum. Fram kom að framlag, skv. vinnureglum sjóðsins vegna undirbúnings sameiningarinnar, gæti numið allt að 22,5 m.kr.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að veita að fjárhæð allt að 9,1 m.kr.

4. VATNSVEITUFRAMKVÆMDIR Á LÖGBÝLUM ÁRIÐ 2022

Tillaga að úthlutun – (reglugerð nr. 180/2016)

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Matvælastofnunar dags. 15. janúar 2024. Þar kemur fram að í samræmi við úrskurð innviðaráðuneytisins, dags. 29. desember 2023, hafi stofnunin hafnað framkvæmd án heimildar. Stofnunin sendi umsóknina aftur til ráðherra til meðferðar sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 180/2016 með síðari breytingum.

Ráðgjafarnefndin ákvað að fresta afgreiðslu málsins þar til lögfræðingar ráðuneytisins hafa farið yfir málið.

5. FRAMLÖG VEGNA SAMÞÆTTINGAR Í ÞJÓNUSTU VIÐ BÖRN

Tillaga að úthlutun framlaga (reglugerð nr. 144/2024)

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu endanlegir útreikningar framlaga vegna samþættingar í þjónustu við börn. Framlögum er ætlað að mæta kostnaði sveitarfélaga vegna samþættingarinnar og byggja á 27. gr. laga nr. 86/2021.

Úthlutun framlaga eru á grundvelli fjögurra breyta sem allar hafa jafnt vægi og byggja á upplýsingum frá Hagstofu Íslands:

1. Fjöldi barna í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2023.
2. Fjöldi barna með stuðning í leik- og grunnskólum skólaárin 2019/2020, 2020/2021 og 2021/2022.
3. Fjöldi barna á lágtekjuheimilum tekjuárið 2022.
4. Fjöldi barna af erlendum uppruna 1. janúar 2023.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja tillögu að endanlegum framlögum vegna samþættingar í þjónustu við börn að fjárhæð 1.078 m.kr.

YFIRFÆRSLA FATLAÐS FÓLKS

6. MÁLAEFNI VISTHEIMILISINS BJARGS

Viðbótarframlög á árinu 2024

Lagt var fram til kynningar minnisblað starfsmanns til innviðaráðherra dags. 20. desember 2023 þar sem gerð var tillaga um að heildarframlög til Mannvirðingar ehf. vegna reksturs búsetukjarna að Bjargi á Seltjarnarnesi á árinu 2024 næmu alls 166,6 m.kr. Samkvæmt tillögunni munu framlög er byggja á verkaskiptasamningi ríkis og sveitarfélaga vegna tónlistarskóla nema um 105 m.kr. en jafnframt muni Bjargi berast framlög er byggja á SIS-mati og sérstökum viðbótarframlögum vegna rekstrarerfiðleika. Framlöginn munu nema alls 166,6 m.kr. eins og að framan greinir.

Ráðherra samþykkti tillöguna en ráðgjafarnefndin hafði áður hafnað tillögunni.

7. NOTENDASTÝRÐ PERSÓNULEG AÐSTOÐ (NPA)

Framlög vegna langtímaveikinda (reglugerð nr. 1250/2018 – félags- og vinnumarkaðsr.)

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 26. janúar 2024, varðandi framlög vegna langtímaveikinda aðstoðarfólks vegna NPA.

Samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 1250/2018 um notendastýrða persónulega aðstoð greiðir Jöfnunarsjóður á grundvelli umsókna framlög til að standa straum af viðbótarútgjöldum vegna langtímaveikinda aðstoðarfólks. Þann 8. janúar sl. var þjónustusvæðum sent bréf og óskað eftir umsóknum.

Eftirfarandi sveitarfélög sendu inn umsóknir:

Reykjavíkurborg: 3.229.960 kr.

Hafnarfjarðarbær: 679.298 kr.

Reykjanesbær: 659.446 kr.

Alls er sótt um framlög að fjárhæð 4.568.704 kr.

Skv. 20. gr. reglugerðar um notendastýrða persónulega þjónustu er gert ráð fyrir að þjónustusvæði reikni 1% til viðbótar ofan á heildarsamningsfjárhæðina sem lagt er inn í Jöfnunarsjóð til að standa straum af kostnaði vegna langtímaveikinda. Líkt og frá árinu 2019 hefur aðeins ríkislutinn verið fjármagnaður og lagður inn í Jöfnunarsjóð. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur samþykkt að greiða 50% á móti Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna langtímaveikinda aðstoðarfólks árið 2023.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja framlag til Reykjavíkurborgar að fjárhæð 1.614.980 kr., Hafnarfjarðarbæjar að fjárhæð 339.649 kr. og Reykjanesbæjar að fjárhæð 329.723 kr.

Viðbótarframlag vegna langvarandi veikinda – NPA

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi NPA miðstöðvarinnar, dags. 5. desember 2023, þar sem óskað er eftir viðbótarframlagi vegna skuldastöðu sem myndast hefur í samningi.

Í erindinu er greint frá því að skuldastaða hafi myndast vegna ósamfelldra langtímaveikinda aðstoðarfólks og sé skuldastaða nú -2.858.664 kr. Óskar NPA miðstöðin eftir því að Jöfnunarsjóður greiði viðbótarframlag til að standa straum af viðbótarútgjöldum að fjárhæð 2.530.589 kr.

Skv. 20. gr. reglugerðar um notendastýrða persónulega þjónustu er gert ráð fyrir að þjónustusvæði reikni 1% til viðbótar ofan á heildarsamningsfjárhæðina sem lagt er inn í Jöfnunarsjóð til að standa straum af kostnaði vegna langtímaveikinda.

Líkt og frá árinu 2019 hefur aðeins ríkislutinn verið fjármagnaður og lagður inn í Jöfnunarsjóð.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að hafna erindinu.

8. STOFNFRAMLÖG – FASTEIGNASJÓÐUR JÖFNUNARSJÓÐS SVEITARFÉLAGA

Tillögur að úthlutun (reglugerð nr. 280/2021)

Umsókn um framlag úr Fasteignasjóði vegna aðgengismála – Hvalfjarðarsveit

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Hvalfjarðarsveitar, dags. 15. desember 2023, þar sem óskað er eftir framlagi vegna úrbóta í aðgengismálum. Um er að ræða tvær framkvæmdir.

Bætt aðgengi við Hlaðir hernámssetur, aðkoma að aðalinngangi með bílastæðum og skábraut í anddyri. Einnig merkingar fyrir sjónskerta. Nam kostnaður vegna framkvæmdanna 422.847 kr.

Bætt aðgengi við félagsheimilið Miðgarð. Anddyrið stækkað og settur upp rampur ásamt sér merktum bílastæðum fyrir fatlaða. Breytingar á salernum, dýraop stækkuð ásamt rafstýrðri hurðaopnun á salernið. Nam kostnaður vegna framkvæmdanna 5.436.084 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli b. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 2.929.466 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlög að fjárhæð 2.929.466 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Umsókn um framlag úr Fasteignasjóði vegna aðgengismála – Mosfellsbær

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Mosfellsbæjar, dags. 14. desember 2023, þar sem óskað er eftir framlagi vegna úrbóta í aðgengismálum. Sótt er um vegna framkvæmda í aðgengismálum í sveitarfélaginu. Framkvæmdir voru m.a. nýtt salerni fyrir hreyfihamlaða í félagsheimilinu Bólinu, bætt aðstaða í Lágafellslaug, endurhönnun á íþróttahúsi Helgafellsskóla o.fl. Nam kostnaður vegna þessara framkvæmda 20.456.307 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli b. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 10.228.154 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlög að fjárhæð 10.228.154 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Umsókn um framlag úr Fasteignasjóði vegna aðgengismála – Skagaströnd

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Skagastrandar, dags. 28. desember 2023, þar sem óskað er eftir framlagi vegna úrbóta í aðgengismálum. Sótt er um vegna framkvæmda á stjórnarsýsluhúsi sveitarfélagsins að Túnbraut 1-3. Breytingarnar miða að m.a. að því að bæta aðgengi íbúa að þeirri þjónustu sem veitt er í húsinu. Úrbæturnar felast í að setja upp rennihurð í innra anddyri hússins. Áætlaður kostnaður vegna rennihurðar er 1.600.000 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli b. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 800.000 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlög að fjárhæð 800.000 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Fasteignasjóður – stofnframlög með HMS 2023

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs lagði fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað dags. 13. febrúar 2024. Kynnt voru samþykkt stofnframlög vegna sértækra búsetuúrræða á vegum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Samþykktirnar eru vegna tveggja framkvæmda og nemur hlutur Jöfnunarsjóðs 50.738.253kr.

Akureyrarbær – Hafnarstræti 16 – 18.678.397 kr.

Félagsbústaðir – Brekknaás 6 – 32.059.856 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja hlut Jöfnunarsjóðs að fjárhæð 50.738.253 kr.

9. ENDURSKOÐUN REGLUVERKS FASTEIGNASJÓÐS

Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lagt fram til umfjöllunar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 22. febrúar 2024. Engar tillögur voru lagðar fram um endurskoðun regluverksins en til hliðsjónar var lög fram skýrsla starfshóps þáverandi félagsmálaráðherra sem tók til heildarendurskoðunar lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Í skýrslu starfshópsins er að finna kafla þar sem lagðar eru fram tillögur um breytingar á málum sem tengjast búsetu fatlaðs fólks en komið er þar inn á mögulegt aukið hlutverk Fasteignasjóðsins í því sambandi.

Lagt var til og samþykkt að ráðgjafarnir Harald Líndal Haraldsson og Arnar Haraldsson verði boðaðir í fund nefndarinnar á næstunni til að ræða möguleg næstu skref er varðar endurskoðun reglna Fasteignasjóðsins.

10. UMSÓKN UM FRAMLÖG VEGNA INNRA EFTIRLITS

Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur (1. tölul. 4. gr. rgl. nr. 192/2023)

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Kópavogsbæ, dags. 5. desember 2023, varðandi umsókn vegna innra eftirlits (sveitarfélög innan SSH án Rvk) í málaflokki fatlaðs fólks. Kópavogsbær hefur óskað eftir framlagi frá Jöfnunarsjóði til að standa undir kostnaði við framkvæmd eftirlits með heimilum, skammtímadvölum og vinnustöðum fatlaðs fólks. Í erindinu kemur fram mikilvægi innra eftirlits ásamt auknum kröfum ríkis til sveitarfélaga varðandi málefni fatlaðs fólks.

Kópavogsbær óskar eftir því, fyrir hönd framangreindra sveitarfélaga, að Jöfnunarsjóður veiti framlög vegna launakostnaðar vegna eftirlitsins árinu 2022 og 2023 að fjárhæð 21,6 m.kr. og vegna áætlaðs kostnaðar á árinu 2024 að fjárhæð 22,4 m.kr.

Sótt er um framlagið á grundvelli 1. tölul. 4. gr. rgl. nr. 192/2023.

Ráðgjafarnefndin samþykkt að veita sveitarfélögunum framlag allt að 24,4 m.kr. vegna ársins 2024 og að skilyrði fyrir greiðslu framlagsins yrði að sjóðnum yrði skilað skýrslu um framvindu verkefnisins og ávinning þess.

11. UMSÓKN UM FRAMLÖG VEGNA INNRA EFTIRLITS

Reykjavíkurborg (1. tölul. 4. gr. rgl. nr. 192/2023)

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Reykjavíkurborg, dags. 16. janúar 2024, varðandi umsókn vegna innra eftirlits í þjónustu í málaflokki fatlaðs fólks. Fram kemur að Reykjavíkurborg hafi þróað gátlista er tekur til styðjandi gæðaeftirlits sem tekur til gæðaviðmiða Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar sem varð að Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála með tilkomu laga nr. 88/2021.

Sótt er um framlag að fjárhæð 30 m.kr. á grundvelli 1. tölul. 4. gr. rgl. nr. 192/2023.

Ráðgjafarnefndin samþykkt að veita Reykjavíkurborg framlag allt að 30 m.kr. vegna ársins 2024 og að skilyrði fyrir greiðslu framlagsins yrði að sjóðnum yrði skilað skýrslu um framvindu verkefnisins og ávinning þess.

12. FRAMLÖG VEGNA FRELSISSVIPTS EINSTAKLINGS

Reykjavíkurborg (3. gr. rgl. nr. 192/2023)

Þann 13. febrúar sl. barst Jöfnunarsjóði erindi frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu (FRN) þar sem farið var fram á framlög vegna ársins 2023 vegna notanda með lögheimili í Reykjavík. Viðkomandi hefur frá og með árinu 2023 verið öryggis vistaður með samning við Mannvirðingu ehf. Notandinn, sem er fatlaður, var dæmdur til vistar á réttargeðdeild fyrir margt löngu vegna árásar og síðar til öryggisvistunar af héraðsdómi fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg hafði eftir seinni dóminn séð um þjónustu við notandann sem síðar færðist til FRN og sótti borgin því ekki um framlög með notandanum fyrir árið 2023. Fundað var með fulltrúum Reykjavíkurborgar og einnig samráð haft við sérfræðing Ráðgjafar- og greiningastöð (RGR) vegna málsins.

Ljóst er að málið snertir ekki eingöngu málefni fatlaðs fólks heldur einnig réttarvörslukerfið sem og heilbrigðiskerfið. Starfsmaður Jöfnunarsjóðs telur ekki heimilt að greiða öðrum en sveitarfélögum eða byggðarsamlögum þeirra almenn framlög vegna málefna fatlaðs fólks. Þá liggur fyrir að þau framlög sem fengist hefðu með viðkomandi árið 2023, um 26,5 m.kr. hefðu dugað skammt.

Heilbrigðis- fötlunar- og réttarvörslumála eru í nokkurri deiglu núna og hefur FRN ásamt RGR unnið undanfarið að kortlagningu þarfar fyrir öryggisvistun. Þá mun dómsmálaráðuneytið (DMR)

vera að setja á laggirnar sprett hóp til að skoða þátt réttarvörslukerfisins, en hópurinn á að skila niðurstöðum í vor.

Lagt er til að greidd verði framlög á grundvelli SIS mats 26,5 m.kr. til Reykjavíkurborgar vegna ársins 2023, sem renni að endingu til FRN. Þá er lagt til að nefndin samþykki samhliða bókun í fundargerð að umrædd greiðsla sé einsskiptis ráðstöfun, gerð á meðan beðið sé ofangreindrar vinnu við skipulag öryggisvistunarmála og verði ekki fordæmisgefandi.

13. VERKLAGSREGLUR

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir ákvæði í reglugerðum Jöfnunarsjóðs þar sem gert er ráð fyrir að settar séu verklagsreglur vegna úthlutunar framlaga sjóðsins.

Ákveðið að taka til umræðu á næstu fundum.

14. NÆSTI FUNDUR

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar yrði 22. mars 2024 kl. 10.00.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 14:30.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir